**Nd.** **505. Breytingartillögur** [51. mál]

við frv. til laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 14. gr.
   a) Aftan við 1. mgr. komi nýr málsliður:
   Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sérstakt gjald skv. nánari ákvörðun dómsmálaráðherra.
   b) Aftan við 3. mgr. komi nýr málsliður:
   Þegar leyfi er endurnýjað skal handhafi skotvopnaleyfis gera grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni, sem hann hefur leyfi til að fara með.
2. Við 15. gr.
   a) 1. mgr. falli niður.
   b) Við bætist ný mgr., sem verði 3. mgr.:
   Lögreglustjóri skal, eftir því sem tök eru á, halda námskeið í meðferð skotvopna fyrir þá, sem sækja um skotvopnaleyfi eða endurnýjun á því.
3. Við 32. gr. Upphaf 3. mgr. hljóði svo:
   Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt og verðlaust, að eigi sé rétt ...